

Fundargerð

280. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs
Míðvikudaginn 29. janúar 2020 kl. 09⁰⁰–10⁴⁰.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Gestur: Íris Gunnarsdóttir (ÍG) Úrvs.
Heiðrún Lind Marteinsdóttir (HLM) (fj.v.)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) (fj.v.)
Eygerður Margrétardóttir (EM)

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt

2. Raftæki

Farið var yfir fyrirspurn stjórnarmanns um tilraunaverkefni Úrvinnslusjóðs og Umhverfisstofnunar um söfnunarkassa fyrir lítil raftæki í matvöruverslunum. Stjórn ræddi einnig framkvæmdina á söfnun raftækja í matvörubúðum og hvert markmiðið væri. Nú sæju söfnunarstöðvar sveitarfélaga um að útvega aðstöðu fyrir íbúa að skila af sér raftækjum. Lagt var fram á fundinum minnisblað sem ÍG tók saman. ÍG mætti á fundinn og fór yfir verkefnið og samstarfið við Umhverfisstofnun. Stjórn lagði jafnframt áherslu á að það þurfi að bæta í til að ná betri árangri við innsöfnun raf og- raftækjaúrgangi. Íris yfirgaf fund kl. 09:30.

Í framhaldi af umræðunni um aðkomu Úrvinnslusjóðs að kynningarverkefnum var lagt til að stjórn setti sér starfsreglur og hafin verði vinna að tillögum að slíkum starfsreglum. ÓK falið að hafa umsjón með þeirri vinnu.

3. Endurgjald fyrir pappa og spilliefni.

Stjórn hefur á fyrri fundum fjallað um erindi um erfiðari aðstæður á pappamarkaði. Farið var yfir verðþróun á markaði og endurgjald sjóðsins til þjónustuaðila. ÓK fór yfir breytingar á væntri sjóðsstöðu pappírsumbúða ef af hækkun endurgjalds yrði.

Stjórn bókar: Sjóðsstaða er óljós vegna óvissu um meðferð úrvinnslugjalds hjá stjórnvöldum, því er erfitt að breyta endurgjöldum á meðan slíkt ástand vari.

Stjórn samþykkir nýtt endurgjald fyrir umbúðir úr bylgjupappa og sléttum pappa verði 22 kr/kg. Nýtt endurgjald tekur gildi frá og með 1. janúar 2020.

ÓK fór yfir og sýndi glæru við kostnað og meðhöndlun á spilliefnum. Kostnaður við eyðingu spilliefna hjá Kólku hefur hækkað á milli ára sem og launakostnaður. Sýnd var eftirfarandi tafla með tillögu um nýtt endurgjald fyrir meðhöndlun á spilliefnum.



Vörutegund	Kostnaður samtals = Nýtt endurgjald	Eldra endurgjald	Breyting frá fyrra ári
Blönduð spilliefni frá heimilum			
Framköllunarvökvar	191	183	4,2%
Halógeneruð efnasambönd	414	394	4,8%
Ísócyánöt	264	252	4,5%
Leysiefni, formaldehyd - Ekki í Kölku	187	183	2,1%
Leysiefni	194	185	4,6%
Olíumálning	205	196	4,4%
Kítti og sparsl	231	221	4,3%
Ryðvarnarolía og smurfeiti	245	234	4,5%
Úrgangsolía, smálát <400 kg/ár	119	114	4,2%
Prentlitir	203	194	4,4%
Fúavarnarefni	282	270	4,3%
Útrýmingarefni	360	344	4,4%

Stjórn samþykkir nýtt endurgjald fyrir meðhöndlun spilliefna samkvæmt ofangreindri töflu. Nýtt endurgjald tekur gildi frá og með 1. janúar 2020.

Ákveðið að ræða næst dagskrárlið nr. 6

4. Ökutæki

ÓK kynnti fyrirhugað verkefni með Samgöngustofu um rafræn skilavottorð og rafræna afskráningu ökutækja.

Umræðu frestað til næsta stjórnarfundar.

5. Stefnumótun

LHG sýndi og fór yfir glærur um hlutverk og framtíðarsýn til ársins 2025 og áherslur næstu 3ja ára, í framhaldi af umræðum á síðasta stjórnar/stefnumótunarfundi. ÓK fór yfir fund sem Guðrún Ragnarsdóttir átti með starfsmönnum um markmið og verkefni framundarn

6. Úrvinnslusjóður

Lagt var fram á fundinum bréf fulltrúa atvinnulífsins til ráðherra UAR og FJR. Einnig var lögð fram og farið var yfir drög að umsögn Úrvinnslusjóðs um frumvörpin sem óskað var eftir á

Handwritten signatures and initials in blue ink, including what appears to be 'BSB' and other illegible marks.

síðasta stjórnarfundu. Stjórn ræddu drögin og gerðu breytingar sem LHG/ÓK sjá um að skrá í drög að umsögn. BGH hefur þegar gert athugasemd í stjórnargátt við drögin.

Ákveðið að ræða næst dagskrárlið 4.

7. Ráðstöfunaraðilar

Lögð fram á fundinum umsókn fyrir nýjan þjónustuaðila við meðhöndlun hjólbarða:

HP gámar ehf.
Kt. 490195-2039
Verbraut 3
240 Grindavík

Samþykkt.

8. Önnur mál

Engin

Næsti fundur 12. febrúar 2020 kl. 09:00

Fundi slitið kl. 10:40

*Laufey Selva Trudmundsdóttir
Bryndis Gunnlaugsdóttir
Daníel & Daníel
Eyjólfur Magnúsdóttir*